Nd. **76. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um mat á saltkjöti til útflutnings.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og frumvarpið og greinargerð þess bera með sjer, er tilgangur og þungamiðja slíkra laga, sem hjer er stofnað til, að samræma og vanda sem allra mest meðferð og frágang allan á útfluttu saltkjöti, svo að komist verði sem næst því að fullnægja fylstu kröfum, sem kaupendur og neytendur gera nú í þessu efni. Það þarf ekki útlistunar við, hver nauðsyn er á þessu hagsmuna vorra vegna; hún er nákvæmlega hin sama og viðurkend hefir verið með lögboðnu skipulagi um meðferð og frágang á ýmsum öðrum útflutningsvörum, svo sem saltfiski, ull o. fl. Markmiðið er að sjálfsögðu: gott álit þeirra sem njóta og hærra verð.

Það skal viðurkent, að gott skipulag á meðferð og flokkun saltkjöts til útflutnings sje í raun og verú fyrir löngu síðan komið á í ýmsum sláturhúsum hjer á landi, en vitanlega er víða enn þá ábótavant i þessu efni. Gamlar venjur, mistök og ósamræmi standa enn i vegi fyrir því, að æskilegu takmarki verði náð.

Samkvæmt reglugerð 4. september 1918, um mat á saltkjöti til útflutnings, má ætla, að skipulag það, er í frumvarpinu er ætlast til að komist á, hafi að miklu leyti komið til framkvæmda síðastliðið ár; en til þess að tryggja skipulagið og ná fullkomnu samræmi í matinu, nær frumvarpið það lengra en reglugerðin, að skipaðir skulu yfirmatsmenn, er launaðir verða úr ríkissjóði. Þetta er hliðstætt ákvæðum laga um mat á öðrum útflutningsvörum, og getur nefndin ekki sjeð, að hjá því verði komist.

Nefndin er á einu máli um það, að í frumvarpinu sjeu fólgin öll þau ákvæði, er mestu máli skifta og gerlegt er að setja í lög um þetta efni eins og nú standa sakir, og leggur eindregið til, að háttvirt deild samþykki það óbreytt.

Alþingi, 14. júli 1919.

Stefán Stefánsson, formaður. Einar Árnason, fundaskrifari. Pjetur Þórðarson, framsögum.

Jón Jónsson. Sigurður Sigurðsson.